



# Kortlagning á úrræðum, samningum og styrkjum Reykjavíkurborgar vegna fíknivanda

Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir,  
Deild gæða og rannsókna  
Maí 2018

## Forsaga

---

Þann 3. maí 2018 var kynnt fyrir velferðarráði kortlagning á úrræðum, samningum og styrkjum Reykjavíkurborgar vegna fíknivanda. Sú kortlagning var á úttektaráætlun velferðarsviðs fyrir árið 2018 en tilurð hennar er bókun velferðarráðs frá 12. október 2017 en í henni leggur ráðið áherslu á að tekið verði út fíknivandaúrræði borgarinnar sem og samningar og styrkir sem veittir eru til meðferðarúrræða með þarfir kynjanna að leiðarljósi.

Í kjölfar kynningarinnar óskaði ráðið eftir nánari upplýsingum um biðlista á áfangaheimilunum sem Reykjavíkurborg kemur að með eigin rekstri eða í samvinnu við aðra aðila. Einnig óskaði ráðið eftir nánari útskýringum á háu hlutfalli karla á þessum sömu áfangaheimilum.

## Áfangaheimili — rekið af Reykjavíkurborg

---

Snorrabraut (Brautin)

Áfangaheimilið Brautin er alfarið rekið af Reykjavíkurborg og hefur rými fyrir níu karlmenn.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu níu karlmenn.

Í maí 2018 voru 13 karlmenn á biðlista eftir plássi á Brautinni. Af þeim voru sex einnig á biðlista á M18 og/eða Vin.

## Áfangaheimili — rekin á grundvelli samninga við Reykjavíkurborg

---

Heimili fyrir karla í vímuefnavanda – Miklabraut (18)

Samhjálp rekur áfangaheimili á Miklubraut á grunni þjónustusamnings við borgina. Áfangaheimilið er ætlað átta karlmönnum sem eru að fóta sig eftir að hafa komið úr meðferð.

Í apríl 2018 bjuggu átta karlmenn á heimilinu.

Í maí 2018 voru 13 karlmenn á biðlista eftir plássi á M18. Af þeim voru fimm einnig á biðlista á Brautinni og/eða Vin.

Vin (SÁÁ)

SÁÁ rekur áfangaheimili á grunni þjónustusamnings við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Áfangaheimilið er með rými fyrir 23 karlmenn.

Í apríl 2018 bjuggu 23 karlmenn í Vin.

22. maí 2018 voru sex karlmenn á biðlista eftir plássi á Vin. Af þeim voru fimm einnig á biðlista á M18 og/eða Brautinni. Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni Vinjar voru þrjú karlmenn til viðbótar á biðlista eftir plássi á Vin eftir að hafa lokið Víkingameðferð hjá SÁÁ.<sup>1</sup>

## Styrkir til félagasamtaka vegna áfangaheimila

---

Nýtt takmark (Takmark líknarfélag)

Áfangaheimilið Nýtt takmark er rekið af líknarfélaginu Takmarki. Á heimilinu eru rými fyrir 19 karlmenn. 16 rými eru í aðalbyggingu áfangaheimilisins og svo er til hliðar íbúð með rýmum fyrir þrjú karlmenn.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu 19 karlmenn.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni líknarfélagsins voru þann 22. maí 2018 átta karlmenn á biðlista eftir plássi á áfangaheimilinu. Sex þeirra koma frá SÁÁ (Vík Kjalarnesi), ein frá göngudeild SÁÁ og ein frá manni útskrifuðum frá Hlaðgerðarkoti Samhjalpar.

Samhjalp – Sporið

Auk Miklubrautar 18 rekur Samhjalp áfangaheimilið Sporið með styrk frá Reykjavíkurborg. Á Spori eru rými fyrir 17 karla.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu þrjár konur og 14 karlmenn.

Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni voru þann 24. maí 2018 24 einstaklingar á biðlista eftir plássi á heimilinu. Af þeim voru tíu konur.

Samkvæmt forstöðumanni hefur konum fjölgað á biðlistanum og eru flestir umsækjendur á biðlista eftir plássi á öðrum áfangaheimilum.

---

<sup>1</sup> Forstöðumaður Vinjar vildi koma því á framfæri að Vin er ekki áfangaheimili heldur „meðferð í búsetuúrræði“. Íbúar eru í ákveðnu prógrammi á heimilinu sem fer m.a. fram á Vog. Íbúar nýta sér einnig aðstoð áfengis- og vímuefnaráðgjafa á meðan á dvöl þeirra á Vin stendur.

### Draumasetrið (Spörvar líknarfélag)

Spörvar líknarfélag rekur áfangaheimilið Draumasetrið en á heimilinu er 41 eins manns herbergi.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu 37 karlmenn og fjórar konur.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni á heimilinu eru 23 einstaklingar, þar af fjórar konur, á biðlista eftir plássi á heimilinu. Biðtími eftir plássi er oftast um 3–5 mánuðir, en biðlistar eru mislangir eftir árstíma. Samkvæmt starfsmanninum eru einstaklingar á biðlista hvattir til að sækja um á öðrum áfangaheimilum á meðan þeir eru á biðlista hjá þeim.

Að sögn starfsmanns er ástæða þess að konur eru í minnihluta á heimilinu sú að erfitt sé að blanda saman kynjunum á áfangaheimilinu. Meira eftirlit sé nauðsynlegt þegar húsið er blandað. Hins vegar kom einnig fram að færri konur sækji um pláss á heimilinu og að nokkru leyti komi það til vegna þess að þær eigi auðveldara með að komast í húsnæði.<sup>2</sup>

### Dyngjan (Líknarfélag Dyngjan)

Líknarfélagið Dyngjan rekur Dyngjuna sem er eingöngu ætlað konum og eru þar rými fyrir 14 konur.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu 14 konur.

22. maí 2018 voru fimm konur á biðlista eftir dvöl á Dyngjunni. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni Dyngjunnar eru fyrirspurnir um að komast í dvöl á heimilinu mun fleiri. Einnig kom fram að það sem af er árinu 2018 hafa verið allt frá fjórum upp í níu konur á biðlista eftir plássi á Dyngjunni. Biðtími eftir plássi er allt að þrjú mánuðir.

Tafla 1: Áfangaheimili – kynjaskipting og biðlistar í maí 2018

	Fjöldi rýma	Karlar	Konur	Fjöldi á biðlista: Karlar	Fjöldi á biðlista: Konur
<b>Brautin (Reykjavíkurborg)</b>	9	9		13	
<b>M18 (Samhjálp)</b>	8	8		13	
<b>Vin (SÁÁ)</b>	23	23		6	
<b>Nýtt takmark (Takmark líknarfélag)</b>	19	19		8	
<b>Sporið (Samhjálp)</b>	17	14	3	14	10
<b>Draumasetrið (Spörvar líknarfélag)</b>	41	37	4	19	4
<b>Dyngjan (líknarfélag Dyngjan)</b>	14		14		5
<b>Samtals</b>	131	113	18	73	19

<sup>2</sup> Starfsmaður Draumasetursins vildi koma því á framfæri að félagslegt húsnæði vanti og þar af leiðandi væri of lítil hreyfing á markaðnum. Hjálpa þurfi einstaklingum sem standa sig vel, í félagslegt húsnæði, en þannig er hægt að stytta biðlista inn á áfangaheimilin.

## Athugasemd rannsakanda

---

Samkvæmt persónuverndarlögum er forsvarsmönnum áfangaheimilanna ekki heimilt að gefa upp kennitölur þeirra einstaklinga sem eru á biðlista eftir plássi á áfangaheimilunum. Þar af leiðandi gafst rannsakanda ekki tækifæri til að koma í veg fyrir tvítalningu við öflun upplýsinga um fjölda einstaklinga á biðlista eftir plássi á áfangaheimili.

Þar sem Reykjavíkurborg kemur að rekstri Brautarinnar, M18 og Vinjar lágu fyrir upplýsingar um kennitölur einstaklinga á biðlista eftir plássi af fyrrtöldum áfangaheimilum. Í maí 2018 kom fram í gagnagrunni velferðarsviðs að 32 einstaklingar væru á biðlista eftir plássi á áfangaheimilunum Brautinni, M18 og Vin. Nánari rýning á biðlistunum sýndi að um samtals 22 kennitölur var að ræða.

Í samtali við forsvarsmenn áfangaheimilanna kom fram að margir einstaklingar eru á biðlista eftir plássi á fleiri en einu áfangaheimili á sama tíma, og eru jafnvel hvattir til þess að sækja um annars staðar.